

Fimmtudaginn 4. desember 1997.

Nr. 274/1997.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Hrafni Jökulssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Meiðyrði. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds með stefnu 24. júní 1997. Hann krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar.

Ákærði krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Með dómi Hæstaréttar 10. janúar sl. var felldur úr gildi úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1996, þar sem máli þessu var vísað frá dómi. Krafan, sem ákærði gerir nú um frávísun málsins, er reist á röksemdum, sem afstaða var tekin til með þeim dómi. Þegar af þeirri ástæðu verður kröfunni hafnað.

Ákærði er sóttur til saka fyrir að hafa í niðurlagi greinar sinnar, sem birtist í Alþýðublaðinu 6. mars 1996, látið eftirfarandi orð falla um þáverandi forstjóra Fangelismálastofnunar ríkisins: „Haraldur Johannessen er ekki fangelismálastjóri. Hann er glæpamannaframleiðandi ríkisins.“ Blaðagreinin er tekin upp í heild í héraðsdómi. Í henni er öðru fremur deilt á tiltekin atriði í störfum fangelismálastofnunar, einkum hvað varðar meðferð og aðbúnað fanga í fangelsinu að Litla-Hrauni. Greinin snýr að samfélagslegu málefni, sem eðlilegt er, að komi til almennrar umræðu. Í slíkri umræðu verða stjórnvöld að þola, að gagnrýni sé beint að þeim, þótt orðfæri í því sambandi kunni að verða hvasst. Ákærði kaus að fara þá leið í grein sinni að nafngreina tvívegis forstjóra fangelismálastofnunar. Hvað sem líður mati á, hvort sá háttur á skrifum ákærða hafi verið viðeigandi, verður ekki litið fram hjá því, að meginefni greinarinnar varðaði störf stofnunarinnar, sem forstjórinn veitti forstöðu, en um per-

sónu hans var þar ekki fjallað. Hann verður að sæta því, að stofnunin hafi verið samsömuð honum með notkun nafns hans, eins og hér var gert í almennri umræðu. Samkvæmt þessu og með vísan til 2. mgr. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, verður ákærði ekki talinn hafa brotið gegn 234. gr. eða 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með tilvitnuðum ummælum í grein sinni. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu ákærða.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 12. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-812/1996: Ákærvaldið gegn Hrafni Jökulssyni, en málið var dómtekið 29. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 8. október 1996, á hendur „Hrafni Jökulssyni ritstjóra, Túngötu 36, Reykjavík, fæddum 1. nóvember 1965, fæðingarnúmer 370, fyrir ærumeiðingar og ærumeiðandi aðdróttun með því að birta í grein sinni, Ástir í hrútastíu, á blaðsíðu 2 í Alpýðublaðinu, 37. tölublaði 77. árgangs, sem kom út miðvikudaginn 6. mars 1996 og ákærði var ritstjóri að og ábyrgðarmaður, í niðurlagi greinarinnar um mælin: „Haraldur Johannessen er ekki fangelsismálastjóri. Hann er glæpamannaframleiðandi ríkisins.“

Telst þetta varða við 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Mál þetta er höfðað að kröfu Haralds Johannessen, forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins, samkvæmt b-lið 2. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 71/1995“.

Verjandi ákærða krefst aðallega frávísunar. Til vara er krafist sýknu og til

þrautavara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Í öllum tilvikum er þess krafist, að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. hæfileg málsvarnarlaun að mati réttarins.

Með bréfi, dags. 5. júlí sl., kærir lögmaður Haralds Johannessen, forstjóra fangelsismálastofnunar, ákærða, ritstjóra Alþýðublaðsins fyrir ýmis ummæli, er birst höfðu í blaðinu, m. a. ummælin, sem tilgreind eru í ákæru. Tekin var lögregluskýrsla af ákærða 27. ágúst sl. vegna þessa, og lýsti ákærði því þá, að Alþýðublaðið hefði undanfarin misseri fjallað um málefni fanga eins og flestir aðrir fjölmiðlar. Blaðið hefði iðulega bent á það, sem því fannst miður fara, og taldi ákærði gagnrýnina málefnalega og rökstudda, en lítil eða engin viðbrögð fengið hjá fangelsismálastjóra eða stofnun hans.

Dómurinn telur miklu varða, í hvaða samhengi þau ummæli birtust, sem ákært er út af. Þess vegna telur dómurinn nauðsynlegt samhengis vegna og til skýringar á málavöxtum að birta í heild þá blaðagrein, sem hin tilvitnuðu ummæli birtust í, en svo sem lýst er í ákæru, birtist greinin á bls. 2 í 37. tölublaði 77. árgangs Alþýðublaðsins, sem kom út miðvikudaginn 6. mars 1996. Greinin er svohljóðandi:

„Ástir í hrútastíu

Hefur þú, lesandi góður, einhvern tíma átt stefnumót í hrútastíu? Hvernig fyndist þér að hitta elskuna þína einu sinni í viku tvær klukkustundir í senn í slíkri vistarveru? Ekki sérlega viðfelldin tilhugsun, og samt er þetta hlutskipti vistmanna austur á Litla-Hrauni.

Fyrir fáeinum mánuðum buðu fangelsismálastjóri og dómsmálaráðherra til veislu á Hrauninu til að fagna nýrri og nútímalegri fangelsisálmu. Þar með þurfti ekki lengur að loka menn árum saman inni í örlitlum og hriplekum skápum. Fjöl margar ræður voru haldnar um, hversu framarlega Íslendingar stæðu í mannúðlegri meðferð á fögnum, enda hvorki meira né minna en búið að uppfylla ákvæði áratugagamallar reglugerðar um, að hver fangi skuli hafa níu fermetra til ráðstöfunar. Og fangarnir, – sem að vísu voru ekki boðnir í reisugillið, – voru fluttir í nýja fangelsið. Og allir undu glaðir við sitt.

En ekki lengi. Skyndilega kom tilkynning frá fangelsismálastofnun um, að heimsóknartími til fanga skyldi skorinn niður úr sjö og hálfri klukkustund á viku niður í tvær. Rökstuðningur: Enginn.

Jafnframt var tilkynnt, að fangar mættu ekki fá heimsókn í nýju, fínu klefana sína. Ónei. Á fangelsismálastofnun sáu menn auðvitað, að ótækt var að láta gömlu skápana standa ónotaða. Þeim var þess vegna breytt í „heimsóknarherbergi“.

Það eru þessi heimsóknarherbergi, sem fangarnir á Litla-Hrauni kalla hrútafstúur. Þegar einn fangi hefur dvalið þar með gesti sínum í þessar tvær klukkustundir, er komið að næsta fanga. Hann biður fangavörðinn auðmjúklega um hreint lak.

Svo fer hann inn í hrútafstúuna með elskuna sína, og þar geta þau verið í tvær klukkustundir. Þá er bankað. Næsti.

Af hverju mega fangar ekki taka á móti ættingjum og vinum í eigin klefum? Þar er þó þeirra örmái heimur, þeirra níu fermetra einkaheimur. Þar er heimili þeirra um lengri eða skemmri tíma. Þessir menn eiga fjölskyldur, sumir eru giftir, aðrir eiga kærustur. Af hverju er verið að niðurlægja þessar konur með því að leiða þær í svitamettaða stúu, þar sem einhver eru nýbúin „að ljúka sér af“?

„Á Litla-Hrauni fer fram stórfelld framleiðsla á harðsoðnum glæpamönnum. Óharðnaðir unglingar ganga í akademíu síbrotamannanna og vona, að einhvern tíma öðlist þeir sjálfir doktorsnafnbót í glæpamennsku. . .“

Kunningi minn, sem setið hefur í fangelsi, segir mér, að tilhugsunin um heimsóknardagana hafi haldið sér á lífi innan múrins. Ekki af því, að þá gat hann gert hitt, heldur af því, að þá hitti hann ástvini sína, hann gat talað við þá, sem honum þótti vænst um. Hann gat horft í augun á þeim.

Af hverju er heimsóknartíminn stytur úr sjö og hálfri klukkustund niður í tvær? Sem fyrr sagði: Af því bara. Það er hentugra.

Afleiðingarnar eru að vísu þær, að mér skilst, að austur á Litla-Hrauni sé ástandið að nálgast suðumark. Og þar eru fleiri vondir hlutir að gerast. Eiturlyfjaneysla vex, – og það er ekkert gert til að sporna gegn henni. Það er ekkert gert til þess að búa fangana undir að takast á við daglegt líf. Sjónarmið dómsmálaráðherra og fangelsismálastjóra virðist vera einfalt: Þetta eru og verða glæpamenn.

En það er bara ekki rétt. Á Litla-Hrauni fer hins vegar fram stórfelld framleiðsla á harðsoðnum glæpamönnum. Óharðnaðir unglingar ganga í akademíu síbrotamannanna og vona, að einhvern tíma öðlist þeir sjálfir doktorsnafnbót í glæpamennsku.

Sálfræðilegri eða félagslegri aðstoð er ekki fyrir að fara nema í myflugumynd. Mér er sagt, að fangapresturinn geri sitt besta, en hann má sín ekki mikils, – af því að hið opinbera lítur ekki á heimilismenn á Litla-Hrauni sem borgara í samfélaginu. Þeir eru hinar glötuðu sálir.

Þess vegna finnst Haraldi Johannessen fangelsismálastjóra ekkert athugavert við að skera heimsóknartíma niður úr öllu valdi, eins þótt það

stuðli að því, að fjölskyldur leysist upp. Af því að yfirvöld líta ekki á fangana á Litla-Hrauni sem manneskjur, er þeim smalað inn í stíur eins og hverjum öðrum skepnum.

Haraldur Johannessen er ekki fangelsismálastjóri. Hann er glæpamannaframleiðandi ríkisins.“

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kom fyrir dóminn 31. október, 26. nóvember, 20. desember og 29. maí sl. Ákærði bar að hafa skrifað blaðagrein þá, sem í ákæru greinir og birt er í heild hér að ofan, en ákærði var bæði ritstjóri og ábyrgðarmaður Alþýðublaðsins.

Ákærði neitar því, að um lögbrot af sinni hálfu hafi verið að ræða. Ákærði bar, að þau ummæli, sem ákært er út af og birtust í niðurlagi blaðagreinarinnar, beri að skoða í samhengi við greinina í heild. Ákærði vísaði sérstaklega í þessu sambandi til feitletraðs texta greinarinnar, sbr. framanritað. Skrif sín varði fangelsismál almennt og stefnu í fangelsismálum og nýlegar ráðstafanir á Litla-Hrauni, sem ákærði kvaðst vera að gagnrýna og telja skaðlegar. Ákærði kvaðst hafa ritað fleiri greinar um fangelsismál, áður en greinin birtist, sem ákært er út af. Skrif sín hafi fjallað um fangelsismál, og hafi ákærði verið að fjalla um embætti fangelsismálastjóra. Ákærði kvaðst ekki með hinum tilvitnuðu skrifum hafa verið að fjalla um persónu Haralds Johannessen, heldur um embætti hans og starfsemi fangelsismálastofnunar. Með skrifunum hafi ekki vakað fyrir sér að meiða æru Haralds Johannessen og telja, að það hafi hann ekki gert með umfjölluninni um stofnunina og embætti fangelsismálastjóra.

Vitnið Haraldur Johannessen, forstjóri fangelsismálastofnunar, kom fyrir dóminn 26. nóvember sl.

Hann lýsti starfi sínu sem forstjóra fangelsismálastofnunar, og þá greindi hann frá fyrirkomulagi afplánunar refsivistar, fyrirkomulagi heimsóknna til fanga og fleira. Ekki þykir nauðsynlegt að rekja þann framburð hér. Haraldur staðfesti, að málshöfðunin væri að sinni kröfu og að hin tilvitnuðu ummæli væru að sínu mati ærumeiðandi í sinn garð.

Vitnið Steinunn Finnsdóttir skrifstofustjóri kom fyrir dóminn 26. nóvember sl.

Hún lýsti reynslu sinni sem aðstandanda fanga og lýsti sig í því ljósi sam mála efni blaðagreinarinnar, sem í ákæru greinir. Ekki þykir ástæða til að rekja framburð Steinunnar frekar hér.

Niðurstöður.

Svo sem rakið var, krefst verjandi ákærða aðallega frávísunar málsins. Ákæruvaldið mótmælir þeirri kröfu.

Máli þessu var vísað frá dómi með úrskurði 20. desember sl. Sá úrskurður var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 10. janúar sl. og mælt fyrir um, að málið hlyti efnismeðferð.

Röksemdir verjanda fyrir frávísunarkröfu nú voru að mestu leyti hinar sömu og fram komu við frávísun málsins í desember sl.

Krafa verjanda um frávísun málsins nú er sama krafa og dæmt hefur verið um áður og verður að óbreyttu ekki borin undir dóminn að nýju. Ný málsástæða verjanda, sem byggist á ætluðu vanhæfi tveggja dómara Hæstaréttar, er kváðu upp dóminn 10. janúar sl., verður ekki borin undir þennan dómstól. Frávísunarkröfunni er því hafnað.

Ákærða er gefið að sök að hafa með hinum tilvitnuðu orðum í ákæru brotið gegn 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Í 234. gr. segir, að hver, sem meiði æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem beri slíkt út, skuli sæta sektum eða varðhaldi allt að einu ári. Í 235. gr. segir, að ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, varði það sektum eða varðhaldi allt að einu ári. Samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þá er í 73. gr. stjórnarskrárinnar verndað skoðana- og tjáningarfrelsi einstaklinga, og einnig eru hliðstæð ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu og í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

Svo sem í ákæru greinir, er málið höfðað að kröfu Haralds Johannessen, forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins, samkvæmt b-lið 2. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 71/1995, en í þeirri lagagrein segir, að hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni, sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.

Tjáningarfrelsið er verndað í 73. gr. stjórnarskrárinnar og í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Úrlausnarefnið hér er að meta, hvort skrifin um Harald Johannessen sem opinberan starfsmann hafi brotið gegn 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Við mat á þessu er brynt að skoða skrifin í samhengi.

Greinin, sem ákærði ritaði í Alþýðublaðið, er að hluta bein frásögn ákærða um tilhögun á Litla-Hrauni, einkum að því er varðar heimsóknir til fanga og fleira. Frásögnin er að hluta höfð eftir öðrum og loks ályktanir ákærða og skoðanir. Í greininni er nokkrum sinnum vikið að fangelsismálastjóra, og í niðurlagi er fangelsismálastjóri nafngreindur tvisvar.

Ákærði bar, að grein sín og nokkrar fleiri, sem birtust í Alþýðublaðinu,

hefðu verið umfjöllun um fangelsismál og fangelsismálastofnun. Í hinum tilvitnuðu orðum er nafn Haralds Johannessen órjúfanlega tengt starfi hans, ekki er fjallað um einstaklinginn.

Hin tilvitnuðu niðurlagsorð blaðagreinarinnar eru hvöss. Dómurinn telur hins vegar, að þegar ummælin eru skoðuð í samhengi, verði ekki annað sagt en þau séu ályktun ákærða eða eins konar stílbragð til að leggja áherslu á efni greinarinnar í heild og þá gagnrýni, sem þar kemur fram.

Blaðaskrif og önnur umfjöllun um mál í fjölmiðlum eru iðulega til þess fallin að valda einstaklingum vonbrigðum og/eða reiði eða vekja hjá þeim sambærileg viðbrögð. Það eitt og sér nægir ekki til að skerða tjáningarfrelsið. Fjölmiðlar fylgjast þannig stöðugt með framkvæmd opinberrar starfsemi og einstaklinga á flestum sviðum og gegna þannig ákveðnu eftirlits-, aðhalds- og upplýsingahlutverki að þessu leyti. Opinberir starfsmenn mega því eins og aðrir gera ráð fyrir því, að fjallað sé um störf þeirra á þann hátt, sem tíðarandinn býður. Undir hælinn er lagt, hvort forsvarsmenn stofnana eru nafngreindir í umfjöllun fjölmiðla. Af dómaframkvæmd má ráða, að áður voru menn dæmdir fyrir ummæli, sem fjarri lagi má telja, að sakfelld yrði fyrir nú á dögum. Réttarframkvæmd breytist eins og annað í samfélaginu.

Dómurinn telur, að heimildir til að setja skorður á eða takmarka tjáningarfrelsi, sem getið er um í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, beri að skýra þröngt. Þannig er höfundum, sem t. d. birta greinar í dagblöðum eða koma fram á annan hátt í fjölmiðlum, tryggður rúmur réttur til að fjalla um mál á þann hátt og með því orðfæri, sem höfundur telur viðeigandi hverju sinni, þótt takmarkanir séu á tjáningarfrelsinu.

Megintilgangur þeirrar verndar, sem opinberir starfsmenn njóta samkvæmt b-lið 2. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga, sem kom að mestu leyti í stað 108. gr. almennra hegningarlaga, eftir að sú lagagrein var felld brott með 2. gr. laga nr. 71/1995, er að vernda eðlilega framkvæmd stjórnarsýslunnar. Dómurinn telur hin tilvitnuðu skrif ákærða í ákæru ekki geta verið til þess fallin að hindra eðlilegan framgang stjórnarsýslunnar í fangelsismálum.

Þegar allt þetta er virt, telur dómurinn, að ákærði hafi ekki með skrifum sínum, sem ákært er út af, farið út fyrir þau takmörk, sem leiða má af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Ákærði er því sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 100.000 kr. í málsvarnarlaun Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, en Jón H. Snorrason, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, flutti málið af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hrafn Jökulsson, er sýknaður af öllum kröfum ákærvalds.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 100.000 kr. í málsvarnarlaun Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns.
